



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. júní 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð og fleiri lögum, 114. mál á 137. löggjafarþingi.

Samtök atvinnulífsins telja varhugavert að víkja til hliðar ákvæðum laga um hlutafélög einungis á grundvelli eignarhalds. Nú gilda ýmsar sérreglur um hlutafélög sem hið opinbera, ríkið og/eða sveitarfélög, **á að öllu leyti**. Frumvarp þetta kveður síðan á um sérreglur vegna félaga í **meiri hluta eigu** ríkisins.

SA telja að ná megi markmiðum frumvarpsins með öðrum hætti hvað varðar hlutafélög í eigu ríkisins. Samtökin eru einnig þeirrar skoðunar að frumvarpið eigi ekki að ná til félaga í meiri hluta eigu ríkisins eða félaga í eigu ríkishlutafélaga, nema sérstök rök mæli með því.

Samþykkt bindandi starfskjarastefnu á aðalfundi

Ríkinu er í lófa lagið að ákveða launastefnu í hlutafélögum í eigu ríkisins. Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagsstjórn samþykkja starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins. Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins, með eða án breytinga. Ákveða má í samþykktum að starfskjarastefna sé bindandi fyrir félagsstjórn. Því verður ekki séð að nauðsynlegt sé að vísa ákvörðun um launakjör forstjóra hlutafélaga til kjararáðs. Mun hentugra er að fela félagsstjórn að ákvarða launakjör á grundvelli bindandi starfskjarastefnu. Kostur þess fyrirkomulags er einnig að starfskjarastefna nær til allra æðstu stjórnenda en ekki einungis forstjóra hlutafélags.

Hér má einnig nefna að kjörnir fulltrúar hafa rétt til setu á aðalfundum opinberra hlutafélaga og geta veitt aðhald með fyrirspurnum til stjórnar.

Fyrirhugaðar breytingar á eignarhaldi bankanna

Í nýundirrituðum stöðugleikasáttmála segir að endurskipulagningu á eignarhaldi bankanna skuli lokið 1. nóvember 2009. Gert er ráð fyrir að erlendir aðilar geti eignast meirihluta í einhverjum nýju bankanna og eftir atvikum öðrum fjármálafyrirtækjum. Gangi það eftir verður viðkomandi banki eða bankar ekki lengur undir lögsögu kjararáðs. Telja verður mjög varhugavert, ef færa á banka í eigu erlends aðila innan fárra mánaða, að á sama tíma séu stórfelldar uppsagnir ráðningarsamninga í gangi til að laga kjör sérfræðinga og stjórnenda að nýrri kjarastefnu. Slíkt umrót gæti dregið úr verðmæti bankans í augum erlends aðila.

**Félög í meirihluta eigu ríkisins - réttur minnihluta hluthafa**

SA telja óvarlegt að láta ákvæða laganna ná til félaga sem ekki eru að öllu leyti í eigu ríkisins. Óeðlilegt er að einn hluthafi ákveði einhliða kjarastefnu í félagi án tillits til hagsmuna eða álits annarra hluthafa. Lög um hlutafélög hafa að geyma ákvæði sem tryggja eiga rétt minnihluta hluthafa. Þannig er hluthafafundi og félagsstjórn óheimilt að taka ákvarðanir eða gera neinar þær ráðstafanir sem eru til þess fallnar að afla ákveðnum hluthöfum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Það setur slæmt fordæmi ef ríkið telur sér fært sem stórum hluthafa í félagi að breyta eðlilegum leikreglum hlutafélagalaga og sniðganga með því lýðræðislegan rétt minnihluta hluthafa til að hafa áhrif á hluthafafundum og innan félagsstjórnar.

Félög í eigu ríkishlutafélaga

SA eru eindregið þeirrar skoðunar að frumvarpið eigi ekki að ná til félaga í eigu ríkishlutafélaga nema sérstök rök mæli með því. Vissulega eru dæmi um félög sem alfarið eru í eigu félags sem ríkið á að öllu leyti en þau félög eru mun fleiri sem einungis verða um skamman tíma í eigu ríkishlutafélaga. Hér er átt við félög sem ríkisbankarnir eignast tímabundið eignarhluta í og félög sem hið óstofnaða eignauskýslufélag ríkisins gæti eignast að hluta eða öllu leyti. Í flestum tilvikum fara félög þessi mjög fljótt í söluférl og því óeðlilegt að þau falli undir lögsögu kjararáðs.

Breytingar á persónubundnum ráðningarsamningum

Vafasamt verður að telja að kjararáði sé heimilt að breyta ráðningarsamningum sem gerðir hafa verið milli félagsstjórnar og stjórnanda hlutafélags. Kjörum einstakra manna verður almennt ekki breytt nema að undangenginni uppsögn launaliðar ráðningarsamnings. Með fyrirvaralítili breytingu er verið að skerða umsaminn uppsagnarfrest. Í einhverjum tilvikum er jafnvel verið að breyta tímabundnum ráðningarsamningum. Ef fyrirtæki fylgir ákvörðun kjararáðs og lækkar fyrirvaralítið laun stjórnanda gæti komið upp ágreiningur um lögmæti þeirrar aðgerðar.

Virðingarfyllst,

Ragnar Arnason hdl.
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs